

AUGLÝSING um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum þann 20. febrúar 2020 eftirfarandi:

Holtsvegur 53, óveruleg breyting á deiliskipulagi Urriðaholts, austurhluta 1.

Tillagan gerir ráð fyrir breytingu á fyrirkomulagi sorpgeymslu og stækkun á neðanjarðar bílageymslu.

Skipulagsstjóri Garðabæjar samþykkti á afgreiðslufundi sínum þann 10. mars 2020 eftirfarandi:

Kinnargata 18, óveruleg breyting á deiliskipulagi Urriðaholts, austurhluta 1.

Tillagan sem gerir ráð fyrir því að staðsetning bílageymslu í byggingarreit færist frá austri til vesturs.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum þann 19. mars 2020 eftirfarandi:

Smiðsbúð 3, óveruleg breyting á deiliskipulagi Iðnbúðar/Smiðsbúðar.

Breytingin gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits.

Mariugata 2-24, óveruleg breyting á deiliskipulagi Urriðaholts, austurhluta 1.

Tillagan gerir ráð fyrir því að mænishæð allra raðhúsa í Mariugötu sem liggja að opna svæðinu Miðgarði lækki um 1 metra, úr 6 metrum í 5 metra.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 24. mars 2020.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 7. apríl 2020